



Íþróttafélagið Þór
kt. 670991-2109
Hamar v/ Skarðshlíð
603 Akureyri
sími 461-2080 fax 462-2381

Um gengisreglur á Þórsvelli.

Aðgangur

- Einungis þeir aðilar sem hafa gilda miða eða aðgönguskírteini fá aðgang að leikjum á Þórsvelli.

Aflýsing eða frestun leikja

- Endurgreiðsla aðgöngumiða fæst eingöngu gegn framvísun á stofni keypts miða.

Hegðun

- Öll meðferð tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil á svæðinu.
- Sýna ber öðrum áhorfendum fyllstu tillitssemi.
- Stranglega bannað er að hlaupa inn á völinn, fyrir leik, á meðan á leik stendur og eftir leik.
- Stranglega bannað er að kasta hlutum inn á völinn.
- Áhorfendum ber að virða almennt velsæmi í orðum og gjörðum. Niðrandi ummæli eða gróft og særandi orðbragð á hvorki heima á Þórsvelli, né annars staðar.
- Orð eða gjörðir sem lýsa andúð eða fyrirlitningu vegna kynþáttar, þjóðernis, litarháttar, kyns, trúar eða kynhneigðar flokkast sem gróf og særandi hegðun.
- Þeir sem verða fyrir barðinu á öðrum eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það öryggisvörðum og/eða vallarstjóra.
- Gjallarhorn má einungis nota á jákæðan hátt.

Eftirfarandi er bannað á Þórsvelli:

- Glerflöskur og glös
- Blys og flugeldar
- Hnífar, eggjárn og aðrir þeir hlutir sem valdið geta skaða
- Gæludýr

Sætareglur

- Sætaskipan er frjáls.
- Stundum eru ákveðnir hlutar áhorfendasvæðisins afmarkaðir með borðum og ber áhorfendum að virða það.

Áhættumat leikvangs

Skapist hættuástand á leikvöllum er áhorfendum skylt að fara eftir ábendingum vallaryfirvalda/öryggisgæslu og lögreglu í einu og öllu.

Þeir sem brjóta gegn reglum þessum eiga það á hættu að verða vísað af vallarsvæðinu og/eða kærðir til lögreglu þar sem við á.